



# **Tengsl samfélagsgerða, skynjunar og lista**

Sævar Logi Viðarsson

Lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

# Tengsl samfélagsgerða, skynjunar og lista

Sævar Logi Viðarsson

Lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði

Leiðbeinandi: Sveinn Eggertsson

Félags- og mannvísindadeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Febrúar 2013

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Sævar Logi Viðarsson 2013

Reykjavík, Ísland 2013

## Útdráttur

Í þessari ritgerð er fjallað um hvernig samfélagsgerð tengist skynjun og list. Skoðað er hvernig samfélagsgerð hefur áhrif á skynjun einstaklingsins á umhverfi sínu og þar með áhrif á það hvernig viðkomandi upplifir sig í heiminum sem umlykur hann. Tekið verður á því hvernig samfélagsgerð hefur áhrif á listform, skynjun og upplifun lista. Umræðunni til stuðnings verður greint frá tveimur ólíkum menningarheimum. Annars vegar verður fjallað um heim latmul fólksins á Sepik svæðinu í Papúa Nýju-Gíneu og hins vegar samfélag Vesturlanda en hér er gengið út frá því að Vesturlönd séu tiltölulega einsleit. Einnig verða hugmyndir Bourdieu um habitus og menningarauð teknar fyrir en hann fjallaði um habitus sem eitt af hinum sterku félagsmótunaröflum. Habitus hefur meðal annars mótandi áhrif á skynjun einstaklinga og upplifun þeirra á fegurð og list. Hugmyndir um menningarauð eru mjög mismunandi en þær hafa mikil áhrif innan beggja samfélaganna sem fjallað er um. Í ritgerðinni verður farið í ýmsar mannfræðilegar skilgreiningar á list en fræðimenn eru almennt ekki sammála um það hvað felist í list. Hér er list skoðuð í félagslegu samhengi en samfélagsgerð og félagsmótun innan samfélagsins hefur bein áhrif á listsköpun og upplifun einstaklinga á listinni. Samfélagsgerð hefur einnig áhrif á skynjun einstaklinga á umhverfi og heiminum. Niðurstaða ritgerðarinnar styður við þær hugmyndir að samfélagsgerð sé einn mikilvægasti áhrifaþáttur skynjunar og lista. Það að skynja á „réttan“ hátt er partur af lærdri hegðun sem lærist með félagsmótun. Hvað listina varðar, þá verður list ekki til nema fyrir lærða menningarkóða sem gera skilning og skynjun á verkinu mögulega.

## Efnisyfirlit

Útdráttur .....	4
Efnisyfirlit .....	5
1 Inngangur .....	6
2 Samfélagsgerðir .....	9
2.1 Latmul innan Sepik svæðisins .....	10
2.2 Vesturlönd .....	14
2.3 Áhrif mismunandi samfélagsgerða .....	16
3 Skynjun .....	18
3.1 Skynjun latmul og mikilvægi húðarinnar .....	18
3.2 Skynjun Vesturlanda og mikilvægi sjónar .....	20
3.3 Mannfræðin og kenningar um skynjun .....	21
4 Listir .....	24
4.1 Listir samfélaga Sepik svæðisins .....	27
4.2 Listir samfélaga Vesturlanda .....	28
4.3 Mannfræðin í listaumræðunni: Kenningar og mat á list .....	29
5 Niðurstöður .....	32
Heimildaskrá .....	34

# 1 Inngangur

Í þessari BA ritgerð verður fjallað um tengsl samfélagsgerðar, skynjunar og lista en samfélagsgerðir eru eitt af grunnviðfangsefnum mannfræðinnar. Þessir þættir hafa mikil innbyrðis tengsl og mótandi áhrif hver á annan en tilgátan er að ólíkar samfélagsgerðir leiði til mismunandi skynjunar á list. Til að fá sem heildstæðasta mynd af efni ritgerðarinnar verður leitast við að skýra frá viðeigandi hugtökum og kenningum sem byggja á samfélagsgerð, skynjun og list. Í ritgerðinni verður greint frá sambandi samfélagsgerðar, skynjunar og lista og jafnframt fjallað um það hvernig list hefur félagslega virkni innan samfélags. Þrátt fyrir að skoðaðar verði hugmyndir ýmissa mannfræðinga um tengsl þessara fyrirbæra þá verður umfjöllunin mest út frá kenningum Bourdieus um félagsmótun (habitus) og kenningum Alfred Gells um listvirkni<sup>1</sup> (e. *art function*).

Samfélagsgerðir eru margar og misjafnar en hugmyndir mannfræðingsins Bourdieu hafa leitt til þess að almennt er talið að samfélagsgerð sé sterkur áhrifavaldur í félagsmótun. Samfélagsgerð er jafnframt mikilvægur þáttur þegar kemur að því hvernig fólk skynjar og upplifir list. Efninu til stuðnings verða tekin til skoðunar tvö ólík samfélög og þættir úr félagsmótun þeirra. Það verður annars vegar fjallað um samfélag latmul fólksins sem býr á Sepik svæðinu í Papúa Nýju-Gíneu og hins vegar um Vesturlönd. Þótt Vesturlönd samanstandi af mörgum samfélögum er hér gert ráð fyrir að þau séu nokkuð einsleit og því skoðuð sem ein heild. Fyrir tilstilli hnattvæðingar og nútíma samskiptatækni eru þau lönd sem teljast til Vesturlanda orðin keimlík hvað varðar uppbyggingu, stjórnarfar og félagsmótun. Heimildir um latmul fólk og aðra þjóðflokka á Sepik svæðinu, skoðaðar í tengslum við þessa ritgerð, ná yfir tímabilið 1958 til 2012. Þetta langa tímabil er valið til að ná sem bestri yfirsýn yfir samfélagið.

Í framhaldi af umræðu um hinar ólíku samfélagsgerðir verður fjallað um skynjun en skynjun er mjög tengd félagsmótun. Það hvernig skynjun tengist félagsmótun er eitt af

---

<sup>1</sup> Listvirkni á við hlutverk listarinnar, tilætluð áhrif hennar, notkun eða markmiðin á bak við listsköpunina. Listvirkni getur verið af ýmsum toga.

aðalatriðum hugmynda Bourdieu um *habitus*<sup>2</sup>. Samfélagsgerðir og sú félagsmótun sem á sér stað geta tengst skynjun á marga vegu. Sem dæmi um áhrif ólíkrar félagsmótunar er hin mismunandi áhersla á ólíkar skynjuna leiðir. Þannig leggja sum samfélög áherslu á skynjun í gegnum sjón og heyrn á meðan önnur nota frekar lykt, bragð og snertingu. Eitt dæmi um sjónræna áherslu er það hvernig sjónræn fegurð er oft tengd við verðmætasköpun en sú tenging er orðin nokkuð algeng á Vesturlöndum. Þannig hefur sjónskynjun náð að verða mikilvægur hluti af kapítalísku kerfi og er orðin beintengd við félagslega stöðu einstaklings innan samfélagsins. Það að eiga eitthvað sem örvar á fagran sjónrænan hátt getur nú verið tengt við ríkidæmi. Þetta má tengja við hugmyndir Bourdieu um menningarauð (e. *cultural capital*) eða þann auð sem er bundinn í félagslegum og menningarlegum þáttum.

Að lokinni umræðu um skynjun verður fjallað um list og samspil hennar við samfélagsgerðir og félagslega virkni (e. *social function*). Í þeirri umfjöllun verður stuðst við kenningar Bourdieu og hugmyndir hans um menningarauð og það hvernig hin mismunandi samfélög skynja fegurð. Einnig verður fjallað um það hvernig list tengist félagslegri stöðu innan samfélags. Ennfremur verður fjallað um hugmyndir Alfred Gells og lýsingar hans á því hvernig upplifun á list er háð samfélagslegu og menningarlegu umhverfi ef hún á að virka eins og til er ætlast af listsmiðnum. Í þessu samhengi verður einnig fjallað um það hvernig list getur misst marks ef lærðir menningarkóðar (e. *cultural codes*) eru ekki til staðar, þá hefur hún engin sérstök áhrif eða gjörbreyttan tilgang (Gell, 1998; Layton, 2003).

Rannsakendur innan mannfræðinnar hafa fjallað mikið um samband samfélagsgerðar, skynjunar og listar og hafa skoðanir þeirra verið ólíkar en flestir eru þeir sammála um mikilvægi þess að gera grein fyrir samfélagsgerð þegar list og skynjun eru til umfjöllunar. Bourdieu (1993) er einn þeirra sem telur að það velti á samfélagsgerðinni hvernig list er framsett og hvernig hennar er notið. Bourdieu fullyrðir að upplifun og skynjun listar feli í sér ákveðna afkóðun<sup>3</sup> (e. *deciphering*) hvort sem hún

---

<sup>2</sup> Habitus má útskýra sem lærðar venjur, stíl, smekk og líkamlega færni. Lærð líkamstjáning getur meðal annars verið innifalin í habitus. Habitus getur átt við lífstíl sem formaður er af ákveðnum gildum og væntingum hópa.

<sup>3</sup> Lærð hegðun eða ferli sem einstaklingur verður að notast við til að skilja það sem er í kringum hann.

er meðvituð eða ekki. Upplifun og skynjun listar á sér rætur í menningarkóða samfélagsins eða sameiginlegu merkingarkerfi sem gerir skynjun listar mögulega (Bourdieu, 1993). Lærðir menningarkóðar gera einstaklingum kleift að vinna úr gefnum upplýsingum frá samfélaginu í gegnum afkóðun. Þessar upplýsingar geta til dæmis verið á formi lista. Ef listformið fer fram úr afkóðunarmöguleikum eða skilningi listneytandans verður verkið sjálfkrafa tilgangslaust og merkingarlaust þar sem listneytandinn getur ekki ráðið í gjörninginn. Í þessu samhengi bendir Bourdieu á að meðlimir samfélaga séu ekki alltaf meðvitaðir um það hvað geri þeim kleift að sjá og skynja umhverfi sitt og rekur hann það til menningarblindu (Bourdieu, 1993). Því verða mannfræðingar að hafa í huga að skynjun og upplifun listar er menningarbundið ráðningarverk, þ.e. afkóðunarferlið er menningarbundið (Bourdieu, 1993). Anthony Forge framsetur þetta með skemmtilegum og skýrum hætti:

Það er ógjörningur að sjá í gegnum augu annars manns, hvað þá að skynja með hans huga. Hins vegar ef við ætlum að velta fyrir okkur staðsetningu lista í einhverju samfélagi....verðum við að fara varlega í að gera ráð fyrir því að þeir sjái það sem við sjáum og öfugt (Forge, 1970, bls. 282).<sup>4</sup>

Ofangreind umræða bendir til þess að það velti á samfélagsgerðinni hvernig skynjun og framsetning listar eigi sér stað. Segja má að skynjun og list liggi í raun í lærðum afkóðunarferlum sem séu nauðsynlegir til þess að geta skilgreint fegurð og tilgang listaverka. Það er því mikilvægt að greina samfélag áður en hægt er að skilja skynjun og list innan viðkomandi samfélags. Samfélagsgerðin hefur sterk mótandi áhrif á það hvernig samfélagsþegnamir skynja list en einnig á listsköpun þeirra og samþykki þeirra á nýjum listformum. Ef ný listform eru samþykkt verða þau hluti af menningu viðkomandi samfélags.

---

<sup>4</sup> it is impossible literally to see through the eyes of another man, let alone perceive with his brain. Yet if we are to consider the place of art in any society...we must beware of assuming that they see what we see and vice versa (Forge, 1970, bls. 282).



## 2 Samfélagsgerðir

Samfélag markast af hópi fólks sem helst saman á skipulagðan hátt í gegnum félagslegt og tilvistarlegt tengslanet og sem er yfirleitt staðsett á sama svæði. Fólk og stofnanir innan samfélags tala alla jafnan sama tungumál, lúta sömu reglum og styðjast við sameiginleg félagsleg norm. Uppsetning samfélaga getur verið breytileg en algengt er að þau byggist upp á samskiptaneti og samvinnu einstaklinga og stofnana innan samfélagsins. Innan samfélags eru því einstaklingar sem yfirleitt standa saman sem heild og aðstoða hvern annan, jafnvel þótt einstaklingarnir tengist ekki allir vináttuböndum. Samstaða meðlima samfélags er mikilvæg til þess að sporna gegn erfiðleikum frá náttúruöflum og öðrum utanaðkomandi samfélögum sem þeim gæti staðið ógn af (Tuan, 2002). Einhverjir telja að náttúra og umhverfi séu einnig mikilvægir þættir í samfélagsgerð. Robert Hertz segir til dæmis að partur af samfélögum geti mótast af þeirri náttúru sem hún byggist upp í (Metcalf, 2005). Það sem skiptir hins vegar máli í þessari ritgerð er mismunur samfélaga sem er grundvöllur mismunandi skynjunar samfélagsþegna þeirra sem og listsköpunar. Því líkt og Bourdieu hefur sagt um hið menningarbundna afkóðunarferli, þá skiptir menning og breytileiki hennar eftir samfélögum höfuðmáli þegar kemur að því að skynja umhverfi sitt, þar með talið list (Bourdieu, 1993). Í sumum samfélögum skiptir ríkidæmi einstaklings og/eða fjölskyldu oft miklu máli vegna þess að það gefur viðkomandi einstaklingum/fjölskyldum ákveðna stöðu (e. status) í samfélaginu. Í þessu samhengi fjallar Bourdieu einnig um menningarbundinn auð, en menningarbundinn auður þarf ekki endilega að liggja í peningum eins og fram mun koma þegar fjallað verður um samfélögin tvo hér á eftir. Það er nokkuð skýr munur á milli þess hvað telst til menningarbundins auðs innan samfélaganna tveggja. Bourdieu segir að menningarbundinn auður geti falist í því að eiga eitthvað sem upphefur einstakling innan samfélagsins. Menningarbundinn auður getur því til dæmis falist í því að eiga stórt og fallett hús, kraftmikinn bíl eða fallett listaverk (Bourdieu, 1986). Aðalatriðið er að menningarbundinn auður er partur af því að staðsetja einstakling innan samfélags sem litað er af þeirri félagsmótun sem tilheyrir samfélaginu. Það má því segja að mismunandi sýn samfélaga á því hvað telst til auðs

(sem tengist mismunandi félagsmótun) hjálpar til við staðsetningu einstaklinga innan samfélags. Á Vesturlöndum liggur menningarbundinn auður meðal annars í því að eiga falleg listaverk eftir fræga listamenn eða að tilheyra sjálfur með einum eða öðrum hætti þeim hópi fólks sem stundar „viðurkennda“ list. Hér er megin áhersla lögð á sjónræna list og fegurð. Hjá latmul fólkinu, aftur á móti, er menningarbundinn auður meira tengdur skynjun í gegnum húð sem tengist því að ganga í gegnum manndómsvígslur sem fela í sér sársauka þegar skorin eru út mismunandi mynstur í húð manna (Bateson, 1958).

Habitus, sem Bourdieu telur eitt af hinu sterku félagsmótandi öflum og þá ekki síst sem mótandi afl á skynjun einstaklings og upplifun hans á list, er mikilvægt í þessu samhengi. Habitus hefur áhrif á það hvernig einstaklingur hugsar, talar og hegðar sér. Habitus Vesturlanda ýtir undir löngun einstaklinga til að eiga fallegt og þekkt málverk í stofunni vegna þess að það skapar honum virðingu innan samfélagsins á meðan habitus latmul fólksins gengur út á að öðlast virðingu í gegnum manndómsvígslur (Bourdieu, 1977). Í þessum mun á habitus hinna ólíku samfélaga liggur mikilvægi samfélagsgerðar og félagsmótunar þegar kemur að skynjun og fegurð. Hér á eftir verður fjallað um þessi tvö mjög svo ólíku samfélög en það er ekki einungis landfræðileg fjarlægð sem skilur á milli þessara samfélaga, heldur ekki síður mismunandi uppbygging, félagsmótun og habitus. Þessi munur gerir það að verkum að skynjun einstaklinga á umhverfinu verður afar mismunandi og þar af leiðandi sýn þeirra á fegurð og listsköpun.

## 2.1 Latmul innan Sepik svæðisins



Kort af Papúa Nýju-Gíneu. Sepik svæði upp í vinstra horni. Heimild: Lonely Planet, e.d

Sepik er landssvæði sem umlykur Sepik ána sem er lengsta og jafnframt þriðja vatnsmesta á Papúa Nýju-Gíneu. Nokkrar eyjar, sem eru samtals 462 þúsund ferkílómetrar að stærð mynda Nýju-Gíneu. Á þessum eyjum lifa tæplega 7 milljónir manna. Menningarsvæði Nýju-Gíneu er eitt það fjölbreytilegasta sem

þekktist þar sem samfélaginu má skipta niður í mörg þúsund smærri samfélög sem hvert um sig hefur sín sérkenni og hefðir (Gewertz, 1983). Dæmi um fjölbreytileika Papúa Nýju-Gíneu eru hin ýmsu tungumál en þar er að finna um 1.000 tungumál (Foley, 1986; Steer, 2005). Á Sepik svæðinu lifir latmul fólkið auk margra annarra þjóðflokka. Sem dæmi um aðrar samfélagsgerðir á Sepik svæðinu má nefna Sanio-Hiowe<sup>5</sup>, sem samkvæmt Harrison er „lítið þróað“ pólitískt kerfi fólks sem stundar garðrækt en hefur samt ekki fasta búsetu (e. nomadic). Einnig má nefna Abelam þjóðflokkinn sem lifir á miðju Sepik svæðinu en hann byggist upp á Big Man<sup>6</sup> stjórnkerfinu (Harrison, 1987). Latmul er sérstök tegund samfélags sem styðst ekki við neinn sérstakan höfðingja heldur er um að ræða samfélag sem lýsa má sem jafningjasamfélagi þar sem áhrif manna koma frá velþóknun annarra samfélagsþegna frekar en ákveðnum valdhafa. (Bateson, 1958). Latmul eru í raun samfélag án settra laga og þá er ekkert staðfest valdakerfi sem heldur uppi reglum. Þrátt fyrir þetta búa þeir við strangar hefðir sem farið er eftir (Bateson, 1958). Það sem einnig einkennir latmul fólkið er áhersla þeirra á sársauka en átök á Sepik svæðinu eru mjög algeng og hafa litað pólitískt umhverfi Sepik svæðisins og latmul. Sársauki og átök eru þannig partur af félagsmótun þeirra (Roscoe, 1996). Innan latmul eru einstaklingar ekki álitnir fæddir stríðsmenn heldur þarf að móta þá og herða með vígslum sem oftast en ekki fylgir mikill sársauki. Sársauki og það ofbeldi sem tengist því að framkalla sársaukann virðist þannig vera partur af félagsmótun latmul og vera partur af sterkum gildum samfélagsins (Roscoe, 1996). Þetta tengist manndómi og styrkleika en það er einmitt vígsluhefð latmul sem verður helst til umræðu í þessari ritgerð þar sem vígsluathafnirnar eru partur af menningarbundnum auð, habitus og félagsmótun latmul.

Vígsluhefðir latmul fólksins fela í sér vígslu ungra drengja og stúlkna inn í heim hinna fullorðnu en þær eru mikilvægur þáttur í félagsmótun einstaklinganna (Roscoe og

---

<sup>5</sup> Sanio-Hiowe er lítið samfélag staðsett fyrir miðju á Sepik svæðinu sem færir sig reglulega um set, þ.e.a.s. einstaklingar og kjarna fjölskyldur flytja sig um set nokkrum sinnum á ári (Townsend, 1978). Þeir eru því flökkumenn eða *nomadic*.

<sup>6</sup> Big Man er karismatískur eða vinsæll leiðtogi í samfélagi án formbundins valdakerfis. Hann getur verið mjög áhrifamikill innan samfélagsins þótt hann hafi ekki beint vald til ákvörðunartöku. Áhrif hans byggjast á pólitískri vísu, samskiptahæfileikum og sannfæringarkrafti sem laða að fylgendur sem hann veitir vernd og hagræna aðstoð t.d. með mat (Sahlin, 1963).

Lutkehaus, 1995). Mismunandi vígslur eru til en flestar flokkast þær undir *Naven* sem er orð yfir vígslur flestra ættbálka svæðisins (Bateson, 1958). Athafnir Naven eru hátíðarhöld fyrir ungt fólk sem náð hefur ákveðnum áföngum. Dæmi um slíka áfanga er þegar drengur drepur manneskju í fyrsta skipti (Bateson, 1958) eða þegar stúlka þarf að aðlagast og/eða öðlast þá menningarlega sköpuðu kvenímynd sem ríkir á svæðinu (Roscoe og Lutkehaus, 1995). Oftar en ekki fela þessar vígslur í sér líkamlegan sársauka þó sérstaklega í vígslum drengjanna. Við vígslur ungra drengja er skorið í skinn þeirra sem veldur þeim bæði líkamlegu og andlegu álagi (Gesch, 2008). Tilgangur þessara þrekrauna er að gera unga drengi að karlmönnum og undirbúa þá undir þá erfiðleika sem bíða þeirra á fullorðinsárunum. Vígslur stúlkanna snúa meira að því að gera þær tilbúnar fyrir hjónaband (Roscoe og Lutkehaus, 1995). Vígslur á Sepik svæðinu þurfa að fylgja ströngum reglum og þær eru almennt mjög heilagar í hugum fólks þar sem um er að ræða aldagamlar hefðir. Ef þeir sem taka virkan þátt í vígslunni, ásamt þeim sem fylgjast bara með henni úr fjarlægð, virða ekki settar reglur þá er þeim sömu refsað með sekt fyrir að hafa truflað vígsluna (Gesch, 2008).

Eins og greint hefur verið frá þá felst vígsla latmul drengja í húðskurði (e. *scarification*). Skurðir á hörund þeirra fela í sér sköpun hinna svokölluðu krókódílafara sem hafa sterkt félagslegt gildi innan latmul þjóðflokksins. Þegar vígslan fer fram eru þeir sem á að vígja fyrst lokaðir inni í húsi sem er eins konar samkomuhús ættbálksins en þar eru hátíðarhöld Naven haldin (Bateson, 1958). Þeir sem vígja skal þurfa að sætta sig við niðurlægjandi athugasemdir þar sem þeir eru kallaðir ýmsum nöfnum og hæðst er að þeim. Sagt er að ástæðan fyrir þessu sé sú að verið sé að hjálpa þátttakendum vígslunnar, bæði þeim sem verið er að vígja og þeim sem sjá um vígsluna, að láta tímann líða og reyna að koma í veg fyrir að þeim fari að leiðast (Gesch, 2008). Gesch (2008), sem tók þátt í vígslu latmul, sagði að þeir sem hefði átt að vígja hefðu verið látnir leika stutt og kjánaleg leikrit öðrum til gamans og þeim sjálfum til niðurlægingar. Stundum var slaufa bundin utan um getnaðalim karla til þess að niðurlægja þá og hlæja að þeim. Gesch (2008) telur að þessir atburðir séu framkvæmdir af eldri kynslóðum sem eru að hefna sín fyrir það sem þeir sjálfir þurftu að ganga í gegnum þegar þeir voru vígðir inn í samfélagið á sínum tíma og að þetta ferli muni endurtaka sig þegar þeir drengir sem núna eru vígðir muni vígja næstu kynslóð á eftir (Gesch, 2008). Þegar búið er að hæðast að drengjunum eru raunir þeirra aðeins að hefjast því við taka útskurðir á húð þeirra.

Það er skorið munstur á bak þeirra, rasskinnar, axlir og einnig framan á bringu þeirra og brjóst (Gesch, 2008).

Örin, sem sitja eftir á líkómum þeirra sem farið hafa í gegnum vígsluna, eru ör sem menn bera með miklu stolti og þau gera þá ekki aðeins mun vinsælli hjá kvenfólki samfélagsins heldur verða þeir meira metnir í alla staði. Þessi ör hafa því bæði pólitískt og félagslegt gildi (Bateson, 1958; Gesch, 2008). Það má því segja að menningarbundinn auður fylgi því að ganga í gegnum vígsluna þar sem staða einstaklinganna innan samfélagsins styrkist mjög í kjölfar vígslunnar. Örin eru tengd fegurð sem eykur hylli karlmanna hjá kvenþjóðinni. Það má því segja að þessi vígsla hafi mikla félagslega virkni eins og hún er skilgreind af Alfred Gell. Nánar verður fjallað um virkni öranna hér á eftir. Ættbálkar eins og latmul hafa í gegnum tíðina verið mjög herskáir og því er sársaukinn, og aðrir erfiðleikar vígslunnar, til þess gerður að móta hinn fullkomna hermann. Hann skynjar heiminn öðruvísi en aðrir þar sem hinn fullkomni hermaður er mótaður af sársauka og er fullur af reiði (Bateson, 1958; Roscoe, 1996).

Vígslur latmul, og fleiri ættbálka á Sepik svæðinu, eru dæmi um skynjun fegurðar sem önnur samfélög gætu upplifað sem eitthvað ógeðfellt og/eða tilgangslaust. Þetta er í anda hugmynda Alfred Gells um hina samfélagslegu umgjörð listar sem þarf til að öðlast skilning á fegurðinni og njóta hennar (Gell, 1998). Sumir mannfræðingar eins og Strathern hafa gengið svo langt að segja að vestrænar þjóðir, með sína eigin félagsmótun, hafi ekki tök á því að útskýra eða skilja vígsluathafnir samfélaga Nýju-Gíneu. Þessu til stuðnings varpar Strathern (1992) ljósi á það hvernig vestræn félagsmótun felst í félagslegri uppbyggingu einstaklingsins á meðan félagsmótun Sepik samfélaga felst oftar en ekki í niðurbroti og síðan enduruppbyggingu. Það er, félagsmótun á Sepik felst í að brjóta niður það sem formar einstaklinginn og „setja hann saman aftur“ þannig að hann passi betur að þeim félagslegu hugmyndum sem viðgangast í samfélaginu (Lutkehaus, 1995; Strathern, 1992). Þetta er í samræmi við hugmyndir um hina félagslegu persónu, en samkvæmt þeim eru einstaklingar mótaðir af tengslum og samskiptum við aðra. Í vígslu og mótun karla latmul fólksins er verið að stjórna þessum félagslegu tengslum en vígslan gengur aðallega út á að draga úr áhrifum kvenna á drengina. Einstaklingar eru því „ófullgerðir“ sem drengir og því eru þeir menningarlega afbyggðir (e. *deconstructed*) eða brotnir niður og endurbyggðir með ferli

vígslunnar (Lutkehaus, 1995). Tilgangurinn er að brjóta niður „kvenlega“ eiginleika drengja og auka hina „karllægu“ þætti til að gera dreng að karlmanni.

Vígsla stúlkna felst meira í skreytingu líkamans, birtingarformi kynferðis og líkamlegri fegurð. Víglan felur í sér að auka fegurð stúlkanna ásamt því að leggja áherslu á það sem gerir hana að konu og er rauður litur einkennislitur við þessar vígluathafnir (Lutkehaus, 1995). Oft hefur verið talað um umbreytingarferli drengja og stúlkna sem eitthvað tvennt ólíkt, það er að drengjavígslur séu tengdar við hið menningarlega en stúlknavígslur við það náttúrulega. Því má segja að félagsmótun samfélagsins sé mjög kynbundin og er aðgreiningin sýnileg í gegnum það hvernig eiginleikar náttúru og líkama eru flokkaðir í karlmannlega og kvenlega eiginleika. Eric K. Silverman fjallar um þetta í skrifum sínum, þar sem hann „kynskiptir“ náttúrunni. Vatn, samanber Sepik áin, telst hafa kvenlega eiginleika þar sem hún er óstöðug í eðli sínu. Áin á það til að færast til og í vatnavöxtum skemmir hún tré og hús en þau eru talin hafa karllega eiginleika. Löngun karlmenskunnar fyrir stöðuleika sópast þá í burtu með kvenlegum óstöðuleika (Silverman, 1997). Annað dæmi um kynskiptingu náttúrunnar í samfélagi latmula er að sköpun nýs einstaklings sé afleiðing getnaðar og samblöndun vessa karlmanns og kvenmanns. Vessar karlmannsins verða að beinum sem er stöðug miðja afkvæmisins sem hjálpar vexti viðkvæmra innyfla og holds sem er afsprengi vessa kvenmannsins (Bateson, 1958; Silverman, 1997). Enn eitt dæmið um kynskiptingu náttúrunnar meðal latmula er tengd dauða. Þar rotnar hið kvenlega (hold og innyfli) niður og verður aftur partur af hinu kvenlega í náttúrunni á meðan hið karllega (beinin) stenst betur tímans tönn (Silvermann, 1997). Kynskipt aðgreining í karllegt annars vegar og kvenlegt hins vegar virðist vera latmul ættbálknum mjög eðlislæg og er uppskiptingin mikilvægur þáttur í uppbyggingu samfélags latmul og stór þáttur í menningu þeirra. Aðgreining kynjanna helst í hendur við alla aðra þætti samfélagsins og valdauppbyggingu þess og umrædd kynskipting hefur því mikil áhrif á alla félagsmótun samfélagsins.

## 2.2 Vesturlönd

Þó að Vesturlönd séu safn margra samfélaga þá eru þau enga að síður einsleit. Það stafar af því að stjórnarfar landanna er keimlíkt og miðlun upplýsinga innan landanna og þeirra á milli er mikil. Afleiðing þessa er að félagsmótun samfélaga Vesturlanda verður um margt áþekkt. Löndin sem tilheyra Vesturlöndum tilheyra Norður Ameríka og Vestur

Evrópa. Vesturlönd eru almennt talin hafa „háþróuðustu“ samfélagsgerðina og hafa náð þeirri stöðu að vera eitt áhrifamesta vald heimsins. Þó að það sé kannski að breytast, þá virðist það vera ríkjandi hugmynd innan Vesturlanda að þeirra samfélagsgerð sé til slíkrar fyrirmyndar að ástæða sé til að dreifa henni sem víðast. Vesturlönd eru, og vilja vera, einhvers konar dreifiaðili visku og þróunar til annarra „minna þróaðra“ ríkja. Þau vilja koma „færandi hendi“ með hugmyndir um það hvernig eigi að stjórna samfélagi og eiga viðskipti en líka hvað sé list og listsköpun (Godelier, 2009).

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir uppbyggingu og hugarfari samfélaga Vesturlanda og hvernig það hefur áhrif á skynjun þeirra og félagsmótun einstaklinganna. Félagsmótun Vesturlanda byggist að miklu leyti á að mennta einstaklinga og menntunin verður seinna partur af menningarbundnum auði þeirra. Fræðimenn telja að menntun ásamt sterku félagslegu umhverfi, líkt og uppeldi, sé partur af sköpun menningarbundins auðs einstaklinga innan samfélaga. Hinn menningarbundni auður tengist svo aftur félagslegri stöðu í samfélaginu (sbr. stéttarkerfi) þar sem aukin menntun bætir stöðu einstaklingsins innan samfélagsins og eykur virðingu hans og samfélagslega viðurkenningu (Bourdieu, 1977; DiMaggio og Mukhtar, 2004). Á Vesturlöndum er habitus, eða afl félagsmótunar, meðal annars tengdur því að fá góða menntun og „læra“ að búa til og þekkja list. Einstaklingur eða fjölskylda á Vesturlöndum sem býr yfir menningarbundnum auði, góðri menntun og góðri samfélagsstöðu, nýtur því aukinnar velgengni innan samfélagsins. Þeir sem búa yfir menningarbundnum auði munu leggja mikið upp úr því að tryggja sínum nánustu sömu velgengni með því að auðvelda þeim aðgang að menningarauði sínum. Þannig fæðast sumir einstaklingar inn í ákveðinn habitus sem býr þegar yfir menningarbundnum auði (Bourdieu, 1977). Félagsmótun Vesturlanda er því mjög ólík þeirri félagsmótun sem á sér stað í samfélagi latmul fólksins. Vesturlönd byggja meira á stéttarskiptingu sem er partur af hinum menningarbundna auði þar sem gott uppeldi og góð menntun eykur virðingu innan samfélagsins (DiMaggio og Mukhtar, 2004). Á meðan liggur félagsmótun latmul aðallega í vígslu sem gengur út á það að kenna mönnum að þola sársauka og vera sterkir, þótt vígslurnar sé mismunandi eftir kyni eins og áður hefur komið fram (Gesch, 2008).

### 2.3 Áhrif mismunandi samfélagsgerða

Mannfræðingar hafa lengi vel nýtt og borið saman upplýsingar um samfélög og samfélagsgerðir í þeim tilgangi að fylgjast með samfélagslegri þróun en líka til að átta sig á og skilgreina betur hvað það er sem veldur mismun þeirra (Mace, Pagel, Bowen, Otterbein, Ridley, Schweizer og Volland, 1994). Þessi samanburður hefur í gegnum tíðina verið lykilaðferð mannfræðinnar en hún hefur þó þróast og tekið allnokkrum breytingum í gegnum tíðina. Samfélagslegur samanburður (e. *cross-cultural analysis*), þar á meðal samanburður á skynjun og list, er vaxandi og hjálplegur þegar kemur að því að reyna að skilja hvernig einstaklingar mismunandi samfélaga skynja og upplifa list. Mikið er til af samanburðarrannsóknum (e. *comparative studies*) á skynjun og list en það er einmitt þegar slík viðfangsefni eru til umræðu að samfélagslegur samanburður verður mikilvægur. Til að mynda fjallar Rampley (2005) um tilraunir til að skapa þvermenningarlegt hugtak um list og skynjun fegurðar til að styðjast við innan ólíkra samfélaga. Það gæti þó reynst erfitt að búa til eitt hugtak um list til að notast við í ólíkum samfélögum þar sem hugmyndir um fegurð eru afar mismunandi eftir samfélagsgerðum (Rampley, 2005). Hugsanlegt væri þó að reyna að skapa þvermenningarlegt hugtak sem hefði einnig rými fyrir samfélagslegan mismun þar sem list væri skoðuð út frá því félagslega umhverfi sem hún tilheyrir.

Öll samfélög búa yfir eigin afkóðunarferli<sup>7</sup> sem er hæfileiki samfélagsþegnanna til að skilja það sem viðkomandi samfélag setur fram t.d. sem list (Bourdieu, 1993). Með því að skoða skynjun og list út frá aðstæðum hvers samfélags má fá betri og heildstæðari mynd af viðfangsefninu. En list og skynjun hennar hefur ákveðna sérstöðu samanborið við aðra samfélagslega þætti. Ástæðan er sú að hugsunin á bak við listaverk og aðrar tegundir fegurðarsköpunar vísar til eðlis samfélagsins, þ.e. samfélagsgerðarinnar, því listsköpunin er sterklega tengd við félagsmótun viðkomandi samfélags (Rampley, 2005, bls. 528). Listaverk og fegurð innan samfélags er því einhvers konar fulltrúi samfélagslegra hugmynda. Þetta svipar til hugmynda Alfred Gells um „svæðisbundna“ list þar sem hann telur að hlutverk og þýðing listaverksins sé einungis ætluð þeirri samfélagsgerð sem verkið var skapað í. Ef sú er raunin þá er listin bundin við þær

---

<sup>7</sup> Orðið afkóðun er notað yfir félagslegan hæfileika til úrlausnar á hvers kyns félagslegri athöfn.



samfélagshugmyndir sem ríkja í viðkomandi samfélagi (Gell, 1998). Ítumul er ágætt dæmi þar sem skynjun þeirra á fegurð er skírskotun inn í samfélagsheim þeirra og félagsmótun. Örin sem karlmennirnir bera eftir vígslur sínar eru í raun skynjuð sem fallegur hlutur innan Ítumul samfélagsins (Gesch, 2008). Því má gera ráð fyrir að einstaklingur frá Ítumul yrði ekkert sérlega spenntur yfir því eignast málverk eftir Picasso sem er nokkuð sem einstaklingur frá Vesturlöndum myndi skynja sem mikla upphefð og fegurð. Samanburður þessara tveggja samfélaga sýnir því hvernig mismunandi félagsmótun og ólíkar samfélagslegar skynjanir endurspeglast í ólíkri fegurðarsköpun og ólíkri afkóðun hennar af samfélagsþegnum. Fegurð og list eru því skynjaðar og upplifaðar með mjög svo ólíkum hætti eftir samfélögum og tengjast sterkt ólíkri félagsmótun samfélaganna og þeim lífsviðhorfum sem félagsmótunin skapar. Það er því nokkuð ljóst að rætur skynjunar og lista og hinn mikli breytileiki þeirra liggur að miklu leiti í fjölbreytileika samfélagsgerða.

### 3 Skynjun

Það sem fjallað hefur verið um hingað til er hvernig samfélagsgerð og félagsmótun hennar hefur áhrif á skynjun og list. Samkvæmt Constance Classen (1997) er skynjun einstaklinga mótuð af þeirri samfélagsgerð sem þeir alast upp við eins og aðrir þættir líkamlegrar og veraldlegrar tilveru þeirra. Þetta svipar mikið til hugmynda Bourdieu (1993) um félagsmótun og mismunandi samfélagsgerðir. Classen (1997) fullyrðir að samfélagslegar reglur ákvarði ásættanlega skynjunarhegðun innan samfélagsins og ákveði þannig hvað mismunandi upplifanir þýða og hvaða menningarmyndir þær gefa. Til að mynda er það að stara á einhvern dæmi um skynjun sem vekur upp mismunandi kenndir eftir samfélagsgerðum (Classen, 1997, bls. 402). Habitus er mjög tengdur umræðunni um skynjun þar sem að félagslegt umhverfi einstaklinga kallar á ákveðna hegðun, ákveðna heimssýn eða skynjun samfélagsþegnanna og afkóðun þeirra á því sem fyrir ber (Bourdieu, 1993). Hugmynd Bourdieu (1977) um habitus passa einnig vel að hugmyndum Classen. Samkvæmt Bourdieu sýnir habitus að mismunandi samfélög fara í raun eftir ákveðnum skynjunarreglum. Í raun eru þessar skynjunarreglur ekki reglur heldur frekar félagsmótað fyrirbæri sem kallar fram ákveðin skynjunarform (Bourdieu, 1977). Þetta þýðir að hið félagslega skapar fólk og mótar skynjun þess á umhverfi sínu. Skynfærin sjálf eru sérhæfð, samanber nef sérhæfir sig í lykt, eyra sérhæfir sig í hljóði, augu í sjón og húð í snertingu. Skynfærin eru svo mishátt metin eftir samfélögum, háð samfélagsgerðinni, þar sem hin ólíku verk eða athafnir nýta ólík skynfæri, háð því hvað er viðurkennt í viðkomandi samfélagi (McLuhan, 2005). Við skoðun á samfélögum Vesturlanda annars vegar og latmul fólkinu hins vegar kemur í ljós umtalsverður munur. Hann styrkir þá hugmyndafræði að félagsmótun sé sterkt mótunarafl skynjunar þó svo að erfitt sé að fullyrða að einstaklingar séu óskrifað blað áður en félagsmótun á sér stað.

#### 3.1 Skynjun latmul og mikilvægi húðarinnar

Það sem er sérstakt í skynjun latmul fólksins á Sepik svæðinu eru tengsl félagsmótunar og sársauka. Það er eins og skynjun sársaukans, og það að yfirvinna sársauka, sé einn af stærri þáttum samfélagsins og félagsmótunar innan þess. Skynjun sársaukans í samfélagi latmul er eins konar sköpun eldmóðs í hjarta einstaklinga til að gera þá tilbúna fyrir lífið

framundan (Bateson, 1958). Húðin er miðlæg í umræðu fólks á Sepik svæðinu sökum vígslu hefða þeirra sem undirstrikar mikilvægi húðarinnar sem skynfæri á sársauka og snertingu. David Howes (2005a) segir í skrifum sínum að þrátt fyrir að þekking okkar og upplifun á heiminum komi frá mörgum líkamlegum skynjunarleiðum þá sé snertiskynjun og hörundið fjölbreytt uppspretta upplýsinga. Hugmyndir Kensinger eru svipaðar en samkvæmt honum er persóna sem býr yfir sannri þekkingu sú persóna sem hefur líkama sem allur finnur og þekkir (Howes, 2005a; Kensinger, 1995, bls. 245). Víglur latmul eru hugsanlega í anda umræðu Classen (2005) um sársauka og það „góða“ sem fylgir sársauka. Hún vitnar í Rey (1995) og segir að sársauki á öllum stigum taki yfir alla persónuna bæði líkama og sál með miklum hraða og miklu afli. Sársaukinn er afstaða sem hrindir í burtu öllu öðru og leyfir ekki svindl né málamiðlanir (Rey, 1995, bls. 318). Sársaukinn staðfestir sannleikann og ýtir í burtu þoku tilgerðingar og vafa. Classen (2005) segir að einstaklingar þjáist og þess vegna „eru þeir“. Hægt er að tengja sársaukann við samfélagsgerð latmul sem einhvers konar upplifun sem ungir drengir þurfa að skynja til þess að teljast verðugir latmul meðlimir. Hið táknræna gildi húðarinnar og/eða munstranna á húðinni hjá latmul er að hinir ungu drengir hafa gengið í gegnum sársauka og þannig losað sig undan öllu því óhreina og óviðeigandi í fari sínu. Það hefur gert drengina að þeim mönnum sem þeir þurfa að vera. Það má því segja að ferli vígslunnar umbreyti þeirra persónulegu þekkingu samhliða umbreytingu húðarinnar og þeir stíga út úr vígslunni skarpari, sterkari og betri en áður.

Tuan (2005) segir að snerting og þar með húðin sé í raun og veru ólíklegust til blekkingar og því það skynfæri sem við ættum að treysta hvað mest á. Hann segir að hið raunverulega er það sem veitir viðstöðu eða mótsþyrnu þegar ýtt er við því, eins og húð lifandi veru gerir (Tuan, 2005). Fræðimenn hafa því sumir sagt að húðin og snerting sé einn mikilvægasti þáttur skynjunarlífs okkar og í því sambandi er talað um veraldlegan heim okkar sem allt það umhverfi sem er innan okkar seilingar (Howes, 2005a). Áhersla snertiskynjunar hefur hins vegar minnkað umtalsvert meðal samfélagsþegna Vesturlanda þó hún sé enn til staðar en nánar verður vikið að því síðar. Mikilvægt er hins vegar að gleyma ekki þessum stóra þætti skynjunar okkar sem húðin er og snertingu hennar við umhverfi sitt. Líkt og önnur skynfæri er snerting leitandi og getur því opnað nýjar víddir inn í heima sem voru áður óþekktir. Ungabörn verða t.d. að snerta allt og finna fyrir því til þess að læra um það og afla sér þekkingar um heiminn.

Mannfræðingurinn Ashley Montagu (1978) fullyrðir að þótt manneskjan geti lifað blind og heyrnalaus, með ekkert lyktarskyn og gallaða bragðlauka, þá getur hún ekki lifað án virkni húðarinnar (Montagu, 1978; Tuan, 2005).

### 3.2 Skynjun Vesturlanda og mikilvægi sjónar

Í kaflanum á undan hefur verið fjallað um húðina og mikilvægi hennar sem skynfæris ásamt því hversu miðlæg húðskynjunin er meðal latmul fólksins. Þetta er í samræmi við hugmyndir Tuans (2005) en hann vill meina að húðin sé ein traustasta skynjunin sem fyrir finnst (Tuan, 2005). Á Vesturlöndum eru aðrar áherslur þegar kemur að skynjun en þar er algengt að líta á sjón sem hina frjálsum og hreinu skynjun (Jenks, 1995). Algengt er að raunveruleikinn sé sagður felast í því sem fólk sér og því er sjónræna skynformið jafnan talið það besta. Einnig er talið að fólk tengi öll önnur skynjunarform sín við það sjónræna (Tyler, 1984). Chris Jenks (1995) talar t.d. um það hvernig sjónin komi á undan orðum. Hann rökstyður hugmynd sína út frá því að barn á sínu frumskeiði skilgreini sjálfst sig og umhverfi sitt út frá því sem það sér áður en það getur talað. Á móti þessu má hins vegar benda á mikilvægi snertingar hjá ungabörnum og hvernig snerting hjálpar þeim að skilja umhverfi sitt og staðsetja sig í því. Það er þó víst að samfélagsgerð Vesturlanda hefur þróast inn í sjónrænt ríkjandi kenningarramma (e. *paradigm*) (Jenks, 1995). Innan þessa ramma er gildi sjónarinnar samþykkt og þannig myndar kenningarramminn sameiginlegt viðhorf fólks á ákveðnum tíma. Á Vesturlöndum hefur samþáttun sjónar og þekkingar verið ríkjandi og skilningur hefur í vaxandi mæli verið bundinn við útskýringar á sjónrænu formi. Það sem gæti hafa ýtt undir yfirtöku sjónrænnar skynjunar innan vestrænna samfélaga er hin sterka tenging upplýsinga- og þekkingarmiðlunar við hið sjónræna (Jenks, 1995; Howes, 2005b; Roberts, 2005; Fabian, 1983). Við slíkar aðstæður vinna samfélagþegnarnir fyrst og fremst úr upplýsingum í gegnum sjónræna skynjun svo sem texta, myndir og myndbönd (Roberts, 2005). Þetta er til dæmis algengt innan menntakerfisins þar sem texti er megin form þekkingaröflunar og miðlunar en eins og áður kom fram er menntun áhrifa mikið félagsmótandi afl innan vestræns samfélags.

Áhersla á sjónræna skynjun er ekki einungis bundin við menntakerfið heldur er líka lögð áhersla á sjónræna fegurð á vestrænum sölumarkaði en Bloch, Brunel og Arnold (2003) fjalla um þá áherslu í samhengi við varning og veraldlega hluti innan Vesturlanda.

Þeir fjalla um mikilvægi þess að vara sé falleg frekar en einungis gagnleg og þegar hlutur örvar sjónrænt fegurðarskyn sker hann sig úr og fær aukna athygli. Það að eitthvað búi yfir sjónrænni fegurð hefur þá táknræna virkni sem felur í sér áhrif á það hvernig viðkomandi hlutur er upplifaður og metinn. Almennt er sú táknræna virkni sem fylgir sjónrænni fegurð þannig að fegurðin er fyrsti eiginleikinn sem einstaklingur leggur mat á við skoðun viðkomandi hlutar eða vöru (Bloch o.fl., 2003).

Tim Ingold (2000) hefur í skrifum sínum bent á að sjón sé stundum talin sú skynjun sem skapað getur þekkingu. Samkvæmt þeim hugmyndum er sjónin rökrétt, hlutlaus og greinandi en virkar einnig á þá vegu að sá sem skynjar á sjónrænan hátt hlutgerir umhverfi sitt út frá sýn sinni. Ingold var fyllilega meðvitaður um áhrif félagsmótunar á skynjun einstaklinga og fjallaði hann því um afstæðishyggju skynjunar (e. *perceptual relativism*). Sú hugmynd segir að fólk með mismunandi menningarbakgrunn skynji raunveruleikann á mismunandi hátt þar sem fólk með ólíkan bakgrunn vinnur úr og skilgreinir sömu upplifanir á mismunandi vegu (Ingold, 2000). Þar sem sjónræn skynjun er ráðandi á Vesturlöndum þá verður sjónræn fegurð og skynjun hennar miðlæg í gegnum félagsmótun Vesturlanda líkt og húð hjá latmul.

### 3.3 Mannfræðin og kenningar um skynjun

Eins og rakið hefur verið með dæmum um latmul og Vesturlönd er það að miklu leyti háð samfélagsgerðinni hvaða skynfæri eru talin mikilvægust þegar kemur að því að miðla og upplifa. Þessi breytileiki sést vel í umfjöllun um latmul og Vesturlönd þar sem mismunurinn stafar af ólíkum menningarkóðum samfélaganna og mun á samfélagslega viðurkenndri hegðun.

Skynjun er afar flókið fyrirbæri og vísindamenn hafa lengi rannsakað skynjun og komið fram með kenningar sem eiga að skilgreina skynjun og birtingarform hennar. Sumir vísindamenn aðhyllast þær kenningar að skynjun sé einstaklingsbundin upplifun á meðan aðrir telja hana vera nátengda samfélaginu sem viðkomandi einstaklingur tilheyrir og að hún sé þannig í raun samfélagsbundin. Einn þeirra sem telur skynjun vera einstaklingsbundna er Merleau-Ponty (1996). Hann segir að það sé erfitt að skilja þann sem upplifir og það sem upplifað er en Merleau-Ponty styðst við hugmyndir fyrirbærafræðinnar. Bourdieu, aftur á móti, hefur lagt fram kenningar sem styðjast við þá hugmyndafræði að skynjun einstaklinga sé bundin við sameiginlegan skynhátt sem

mótast innan viðkomandi samfélags í gegnum félagsmótun (Ostrow, 1990). Kenningar Bourdieu eru því meira í anda hugrænna kenninga um skynjun en hugmyndir Merleau-Ponty. Þótt kenningar Bourdieu séu ólíkar kenningum úr fyrirbærafræði þá byggja hugmyndir hans að einhverju leyti á hugmyndum Merleau-Ponty. Þrátt fyrir að fyrirbærafræðin gangi út frá því að skynjun sé einstaklingsbundin þá verður samt með tímanum til samfélagsleg viðurkenning á tiltekinni skynjun. Það hvernig tiltekið fyrirbæri er skynjað verður nokkurs konar samfélagslegur samnefni fyrir skynjunina. Dæmi um þetta er húðskurður latmul þjóðflokksins en húðskurðurinn er orðinn mjög svo rótgróinn í samfélaginu. Því má gera ráð fyrir að ef einhver einstaklingur myndi draga í efa sannleiksgildi þessarar hefðar, þ.e. þess að ganga í gegnum sársauka til að verða „sannur karlmaður“, þá yrði sá hinn sami útskúfaður úr samfélaginu. Í þessu tilfalli er ekkert rými fyrir sjálfstæða hugsun en það breytir þó ekki því að skynjun einstaklingsins sem þarf að ganga í gegn um húðskurðinn getur vel verið einstaklingsbundin og illa aðskiljanleg við hans persónulegu upplifun (Merleau-Ponty, 1996). Hér blandast því saman fyrirbærafræði og hugrænar kenningar.

Greining á skynjun á sér langa sögu sem má rekja alla leið til félagsfræðinganna Emile Durkheim og Karl Marx. Durkheim (2008) setti fram kenningar um samband meðvitundar einstaklingsins og meðvitundar samfélagsins í skrifum sínum í *The elementary forms of the religious life* sem var fyrst gefin út árið 1912. Durkheim talaði meðal annars um það að ekki væri hægt að fjalla um félagsleg fyrirbæri sem einhvers konar eign einstaklings heldur væru þau frekar tengd hugmyndum samfélagsins. Durkheim vildi þó gera greinarmun á ferli skynjunar annars vegar og ferli endurframsetningar hins vegar (Durkheim, 2008; Ingold, 2000). Með öðrum orðum þá er hver og ein upplifun, eða skynjun, bundin við augnablikið og getur aldrei endurtekið sig því sá sem skynjar breytist þrátt fyrir að það sem skynjað er breytist ekki. Munurinn milli skynjunar og endurframsetningar hennar liggur þannig í því að skynjunin er einstaklingsbundin en endurframsetning og umræða skynjunarinnar er samfélagsbundin. Endurframsetning skynjunar verður því eins konar brú milli meðvitundar einstaklingsins og hins samfélagsbundna skilnings. Hin persónulega upplifun mun hafa mótandi áhrif á sameiginlega skilning og þannig taka þátt í ákvörðun um hina samfélagslegu viðurkenningu (Durkheim, 2008; Ingold, 2000). Aðrir

mannfræðingar hafa fjallað um skynjun á svipaðan hátt sem stanslaust, formlaust flæði þar sem ekkert er eins frá einni stundu til þeirrar næstu (Ingold, 2000, bls. 158).

Clifford Geertz (1973) skoðaði skynjun í tengslum við menningarmerki (e. *cultural symbols*) en hann taldi skynjun almennt ekki einstaklingsbundna heldur félagslega tengda. Hann taldi menningarmerki liggja í félagslegum samskiptum og að þau séu notuð til þess að ná fram meiningu og/eða útskýringu á upplifun og skynjun. Ástæðuna á bak við þetta taldi Geertz vera að mannskepnan treystir á fleiri upplýsingar en þær sem hún fæðist með ólíkt öðrum dýrum í heiminum sem stjórnast meira af meðfæddum viðbragskerfum. Einstaklingar læra af því samfélagi sem þeir búa í og hegða sér í samræmi við það, meðal annars þegar kemur að skynjun og upplifun fyrirbæra (Ingold, 2000, bls. 159-161).

Eins og áður hefur komið fram þá hefur Bourdieu verið virkur í umræðunni um félagsmótun og áhrif hennar á einstaklinga. Áhersla hans hefur verið á habitus sem er eins konar kerfi af varanlegum og dreifanlegum lífshugmyndum sem eru í raun grunnurinn að allri félagslegri hegðun og athöfnum. Til þess að skilja stöðu einstaklings í heiminum þarf að skoða skynjun hans á umhverfi sínu því það er þar sem skilningur hans á virkni og þýðingu heimsins verður til (Ostrow, 1990). Það er því habitus hvers og eins sem hefur mótandi áhrif á einstaklinginn og það hvernig hann hugsar, skynjar og skilur umheiminn. Bourdieu (1984) segir að habitus sé samt sem áður ekki „hegðunarformúla“ heldur umhverfi sem skapar ákveðna hegðun og eins konar uppbyggingu óskráðra reglna sem móta hegðun og mannlega upplifun. Habitus er því eins konar sköpuð menning eða svið upplifana sem sameinar hóp einstaklinga (Bourdieu, 1984; Ostrow, 1990).

Þótt kenningar skynjunar séu margar og flokkist til ýmist fyrirbærafræði eða hugrænna kenninga sýnir samanburður latmul fólksins og Vesturlanda vel að samfélagsgerð og félagsmótun hefur sterk áhrif á skynjun og það hvernig einstaklingar staðsetja sjálfa sig í sínu samfélagi samanber kenningar Bourdieu. Í næsta kafla verður skoðað samspil félagslegrar virkni og listar innan samfélagsins til að reyna að skilja hvernig samfélag hefur áhrif á listsköpun og hvernig hennar er notið.

## 4 Listir

Hvernig varð fegurð til? Jarðardýrkun, bælir niður augað, læsir mann í kviði mæðra. Það er, ég krefst þess, ekkert fallett í náttúru. Náttúra er frumafl, grófgerð og ofsafengin. Fegurð er vopn okkar gegn náttúrunni; með því sköpum við hluti, setjum þeim takmörk, samræmi, hlutfall. Fegurð stöðvar og frýs bráðnandi flæði náttúrunnar<sup>8</sup> (Paglia, 1990, bls. 57).

Það er erfitt að skilgreina list en hún getur verið sett fram sem hlutur eða verk sem skapað er af einum eða fleiri einstaklingum. Sköpunarferlið felur í sér ákveðna hæfni, hugmyndaflug og tæknilega kunnáttu sem gerir skapara verksins kleift að búa til grípandi verk sem býr til tilfinningu og veitir neytanda sínum gleði með sálfræðilegu innsæi sínu (Layton, 2003; Plattner, 2003). Í skrifum Claude Lévi-Strauss koma fram átta þættir sem taldir eru felast í listsköpun (Lévi-Strauss, 2010, bls. 52):

- Mikil og skilmerkileg „formun“ (e. *styling*).
- Ákveðið þema eða merkingarform sem er gert áberandi í verkinu.
- Útlisting líkamans eða endurframsetning hans.
- Aftenging frá smáatriðum sem eru einangruð frá heildstæðari mynd.
- Endurframsetning eins einstaklings sýnd.
- Ítarleg formfegurð og samræmi sem felur oft í sér óreglulega nákvæmni.
- Órókrétt umbreyting smáatriða í aðra hluti, sem dæmi eru táknmyndir sem eiga að hafa einhverja skilgreinda merkingu.
- Vitsmunarleg endurframsetning frekar en endurframsetning byggð á innsæi.

Þessir þættir duga þó ekki til að skilgreina með ótvíráðum hætti hvað list er og hvað hún er ekki. Það er eitthvað meira sem þarf til að útskýra viðurkennda listaupplifun og almennt samþykki (e. *consensus*) hennar. William Fagg (2010) heldur því fram að erfitt sé að skilgreina list vegna samþættingar listarinnar við trúarbrögð innan sérhvers

---

<sup>8</sup> How did beauty begin? Earth cult, suppressing the eye, locks man in the belly of mothers. There is, I insist, nothing beautiful in nature. Nature is a primal power, coarse and turbulent. Beauty is our weapon against nature; by it we make objects, giving them limit, symmetry, proportion. Beauty halts and freezes the melting flux of nature (Paglia, 1990, bls. 57).



samfélags. Sú sambætting auðveldar fólki skilning og afstöðu til listarinnar. Þessi tengsl listar og trúar skapa ákveðna erfiðleika fyrir þá sem tilheyra ekki samfélaginu eða trú þess. Þeir sem aðhyllast aðra trú en þá sem viðurkennd er í samfélaginu hafa gjarnan aðrar hugmyndir um list og fegurð. Fagg vill því meina að listin verði aðeins virk innan þess samfélags sem hún er sköpuð í og að hún sé nátengd ríkjandi trúarbrögðum. Þessi nálgun og skilningur á list hefur leitt af sér hugtakið „frumstæð list“ (e. *primitive art*) vegna þess að list sem sköpuð er utan samfélagseiningar virðist óvitræn fyrir fólki sem tilheyrir ekki samfélaginu sem listin er búin til í. Þetta jafngildir því að list sem flutt er á milli samfélagsgerða missi marks þar sem að hún hefur ekki lengur sömu skírskotun í trúarsíði og menningu móttökusamfélagsins (Fagg, 2010, bls. 74-75).

Líkt og Fagg þá tengir Gell (1998) trú við listaumræðuna en hann segir að fagurfræðin sé arfleifð trúarbragðakreppu (e. *religious crisis*) sem fylgir upplýsingaöldinni og uppgangi vestrænna ríkja, þ.e. þegar byrjað var að gera greinarmun milli fegurðar og hins himneska. Gell (1998) segir að fagurfræði sé breytileg eftir samfélagsgerð og sé alltaf nátengd hinni félagslegu formgerð sem sé ríkjandi á hverjum tíma. Þessu til stuðnings talar Gell um það hvernig Melanesísk fegurð er tengd gagnsemi verksins eða hversu gott er að nota verkið til að klára eitthvað annað verk. Besta dæmið telur hann vera hvernig ættbálkar Tróbríanda<sup>9</sup> tengja fegurð við verkunnáttu og töfra á meðan samfélög á Vesturlöndum tengja fegurð við listræna tjáningu og innblástur. Gell segir því að mannfræðin eigi að leggja áherslu á dreifingu fagurfræðilegra hugmynda í gegnum félagsleg samskipti á milli menningarheima (Gell, 1998; Layton, 2003).

Fleiri fræðimenn hafa fjallað um viðfangsefnið list og lýst þeim erfiðleikum sem fylgja skilgreiningu listarinnar. Bateson (2010) talar um lagskiptingu meðvitundar og undirmeðvitundar sem ástæðu fyrir erfiðleikum í umræðu um list. Hann gerði grein fyrir þessari lagskiptingu með því að vitna til nokkurra kenninga sem honum þótti mikilvægar í fræðilegri nálgun á list. Þær eru kenning Samuel Butlers um það hvernig fólk verður minna vart við þekkingu sína á hlut eða athöfn eftir því sem það verður betra og þjálfaðra í notkun þekkingarinnar og/eða framkvæmd athafnarinnar. Þessi þekking eða kunnátta sekkur því alltaf dýpra og dýpra inn í lög meðvitundarinnar. Einnig talar

---

<sup>9</sup> Tróbríandar eru ættbálkar á Tróbríand eyjum Nýju Gíneu sem urðu frægir innan mannfræðinnar eftir að Bronisław Kasper Malinowski gerði eiginlega rannsókn á þeim árið 1914.

Bateson um kenningu Adalbert Ames sem fjallar um stærðfræðilega vinnslu undirmeðvitundarinnar á listum. Sú vinnsla á sér stað án þess að fólk taki eftir því og það hefur enga sérstaka stjórn á þessu ferli. Bateson notar líka hugmyndir Freuds til að skýra tengsl milli listar og þeirra laga meðvitundarinnar sem fólk reynir að fela. Freud talar um undirmeðvitundina sem einhvers konar geymsluhólf fyrir minningar tengdar hræðslu og sársauka sem eru bældar niður. Bateson umbreytir þessu aðeins og fjallar um hina hagnýtu (e. *practical*) meðvitund sem hjálpar fólki með mismunandi stig úrvinnslu frekar en hina ógnvekjandi undirmeðvitund sem Freud fjallar um (Bateson, 2010, bls. 81).

Það er ljóst að skilgreining á hugtakinu list er ekki einhlít og það er ein helsta ástæðan fyrir ágreiningi mannfræðinga um mismunandi rannsóknaraðferðir á list. Algeng framsetning á list er áhersla á fagurfræðilega þætti hennar og tilfinningalega upplifun við það að njóta listarinnar með skynfærum sínum (Morphy og Perkins, 2010). Alfred Gell (1998) segir fagurfræðilega þætti einungis mælanlega og skiljanlega innan ætlaðra áhrifa listarinnar og þá í samhengi við notkunargildi hennar. Hann telur að þrátt fyrir að sum listaverk séu gerð einungis til að höfða til fagurleika þá er fegurðin ekki aðalatriði í listsköpun og listnautn heldur er það virkni verkanna innan samfélagsins sem skiptir máli (Layton, 2003). Samkvæmt því sjónarhorni er mikilvægt að sjá list í sínu „réttu“ umhverfi svo að hún nái fram þeim áhrifum sem ætlunin var að ná fram. Það er ekki aðeins formverksins sem skiptir máli við þýðingu þess heldur samspil formsins við hugmyndir og tilfinningar þeirra sem skapa og meta verkið (Boas, 1955).

Hugtakið fagurfræði, eða fagurskyn, hefur verið ein kennandi í listaumræðu innan mannfræðinnar. Fagurfræði endurspeglar þær tilfinningar sem eru tengdar við verk og eru oft taldar gera þau falleg. Hins vegar er slík fagurfræðileg upplifun ekki alltaf til staðar innan samfélaga og í þeim tilfellum er lögð áhersla á virkni listaverka eða menningarlegt, sögulegt, pólitískt og trúarlegt hlutverk þeirra í því umhverfi sem verkin voru sköpuð (Rampley, 2005). Vegna þessa hefur menningarlegur munur og það hvernig hann hefur áhrif á listform, túlkun og skilning verið áberandi í orðræðu mannfræðinnar. Í þessu samhengi er gerður greinarmunur á vestrænum samfélögum og öðrum samfélögum sem oft eru talin búa við frumstæða list. Þar af leiðandi hafa mannfræðingar reynt að gera rannsóknir sem felast í samanburði á list innan tveggja eða fleiri menningarsvæða til að koma auga á það ólíka og það sameiginlega (Layton, 2003; Rampley, 2005).

## 4.1 Listir samfélaga Sepik svæðisins

Listmunir sem eru framleiddir á Sepik svæðinu flokkast gjarnan sem falleg frumstæð list (Forge, 1965). Margir þjóðflokkar og samfélagsgerðir eru á Sepik svæðinu en hver og einn þeirra hefur sinn eigin stíl. Samt sem áður eiga þjóðflokkarnir á svæðinu margt sameignlegt í listsköpun sinni, t.d. skipta þjóðsögur og trúarsíðir miklu máli þegar kemur að listsköpun (Forge, 1965, bls. 23). Ef til vill má segja að þjóðsögurnar sjálfar geti talist til lista þar sem þær eru nátengdar listsköpun en innan Sepik svæðisins er list mjög gjarnan fólgin í útskurði sem fær innblástur úr þjóðsögum og öðrum hefðum. Með útskurðinum eru búnar til grímur, flautur, hausar og ýmis önnur form. Mörg mismunandi tótem<sup>10</sup> eru nýtt í útskurðinum og öðrum listformum en tótemin tengjast oft þjóðsögum ættbálkanna. Dýr eins og krókódílar, ernir, fiskar og svín eru mjög algeng tótem í útskurði á Sepik svæðinu. Þrátt fyrir að útskurðurinn sjálfur sé svipaður milli hópa innan Sepik svæðisins þá er merkingin að baki, þ.e. saga og nöfn tótemanna, oft mismunandi. Náttúran sem umkringir hvern hóp fyrir sig er eitt af því sem hefur áhrif á mismunandi listsköpun á Sepik svæðinu. Þar sem náttúra Sepik svæðisins er mjög breytileg þá er efnið sem notað er til listsköpunar mismunandi, þ.e. mismunandi hráefni er notað fyrir svipaðar táknmyndir ólíkra hópa (Forge, 1965).

Latmul eru, eins og aðrir ættbálkar á Sepik svæðinu, miklir hermenn og hernaður litar sögu þeirra. Þar af leiðandi er mikið gert af skjöldum með alls kyns útskurði og mynstri en skildir og önnur vopn eru einkennandi fyrir list latmul. Tónlist er einnig mikilvægur þáttur og þar koma útskornu flauturnar inn í myndina (Spearritt, 1982). Svo virðist því sem latmul ættbálkurinn hafi gjarnan hagnýt afnot af list sinni og að listin sé ekki aðeins til þess gerð að þjóna fagurfræðilegum tilgangi. Þetta má tengja við hugmyndir Alfred Gell (1998) um að list mismunandi hópa sé svæðisbundin vegna þess samfélagslega og hagnýta hlutverks sem listaverkið á að sinna. Þannig má segja að fagurfræðilegt gildi listaverksins missi marks ef samhengið er tekið frá verkinu og því er mikilvægt að taka tillit til félagslegrar virkni listarinnar. Þetta bendir sterklega til þess að skilningur listar sé menningarbundinn og háður því samfélagi sem listin verður til í.

---

<sup>10</sup> Tótem er hugtak og tákn yfir plöntur eða dýr sem innfæddir telja að búi yfir einhvers konar yfirnátturulegum kröftum. Tótem getur líka verið tákn anda frá öðrum heimum sem hafa tengsl við ákveðin samfélög.

Á Sepik svæðinu felst útskurður ekki aðeins í því að búa til ákveðna hluti heldur er útskurður húðar, líkt og þegar hefur verið fjallað um, algengur hjá latmul og öðrum ættbálkum á svæðinu. Húðskurðurinn felst í því að skera mynstur í húð á bringu, baki og rasskinnum sem eiga að tákna krókódílabit en krókóðillinn er tákn krafts og valds (Gesch, 2008). Þessi gerð útskurðar í húð, sem er þáttur í listsköpun latmul, hefur yfirleitt ákveðna virkni innan samfélagsins þar sem hann tengist sköpun og eðlisgeringu einstaklingsins (kyni, aldri eða pólitískri virkni). Í latmul bera menn ör sín eftir húðskurðinn með miklu stolti þar sem þeir teljast verðugir einstaklingar innan samfélagsins vegna öra sinna. Þannig skapa þeir samfélagslegt „sjálf“ í gegnum skreytingu húðarinnar (Schildkrout, 2004).

## 4.2 Listir samfélaga Vesturlanda

Á Vesturlöndum byggist list mikið á fagurfræðilegum þáttum þar sem markmiðið er að hafa áhrif á tilfinningar þeirra sem skoða listaverkið. Listaverk sem hafa verið metin „fögur“ af samfélagslega samþykktum viðmiðum eru gjarnan eftirsóknaverð meðal efnameiri einstaklinga og fjölskyldna innan samfélagsins. Þannig er sambandið milli listar og hins kapítalíska í samfélagi Vesturlanda nokkuð sterkt. List og þýðing hennar í vestrænu umhverfi verður því gjarnan nokkurs konar sýning á ríkidæmi einstaklings eða fjölskyldu og þannig verður hún partur af þeim menningarbundnu verðmætum og auði sem hinir efnameiri nota til marks um sína félagslegu stöðu innan samfélagsins (Plattner, 2003).

Menningarbundinn auður á Vesturlöndum er oft tengdur við nám þar sem fólk með góða menntun hefur aukið aðgengi að peningalegum auð og/eða völdum. Menntun er gjarnan mæld í lengd skólagöngu annars vegar og félagslegum uppruna hins vegar. Engu að síður telja fræðimenn að hinn menningarbundni auður sé bundinn í þekkingu og hugmyndum sem hlotið hafa samfélagslega viðurkenningu og teljast því virðingarverðar. Þetta á t.d. við um það sem er almennt talinn „góður smekkur“ (DiMaggio og Mukhtar, 2004). Samkvæmt túlkun DiMaggio og Mukhtar var Bourdieu (1977, 1984) að segja að menningarbundinn auður fari ekki beint eftir ákveðinni hegðun heldur frekar eftir ákveðnum samböndum (DiMaggio og Mukhtar, 2004). Þau sambönd geta bæði verið milli eða innan hinnar „menningarlegu elítu“ en samböndin geta t.d. byggst á ákveðnum tegundum fjárveitinga og röklegum umræðum (DiMaggio og Mukhtar, 2004).

Menningarlegar þarfir eru afleiðing þeirrar félagsmótunar sem á sér stað í samfélaginu. Félagfræðingar hafa markvisst reynt að bera kennsl á hinar félagslegu aðstæður sem móta smekk neytenda. Umræðan um menningarauð og menningarlegar þarfir helst í hendur við habitus sem félagsmótandi hugmyndakerfi þar sem fólk er mótað. Bourdieu (1984) segir að kannanir staðfesti að öll menningarstarfsemi sé nátengd menntun hvort sem sú starfsemi felist í heimsóknum á söfn, tónleikaferðum, lestri bókmennta, myndlist eða tónlist. List og þýðing hennar nær hins vegar einungis að grípa áhuga þeirra sem búa yfir menningarlegri getu til að afkóða verkið (Bourdieu, 1984). Þetta er í anda hugmynda Gells (1998) sem talaði um svæðisbundna þekkingu til að skilja list eins og áður hefur komið fram.

### **4.3 Mannfræðin í listaumræðunni: Kenningar og mat á list**

Mannfræðin hefur margt fram að færa þegar kemur að rannsóknum á list og tengingu hennar við samfélagsgerðir en rannsakendur hafa notast við etnógrafískar aðferðir og djúpar lýsingar á þeim samfélögum sem til skoðunar hafa verið. Í raun er mannfræðin kjörin fræðigrein til að fjalla um skynjun og listir á hlutlausan og heildstæðan hátt þar sem þessir þættir eru nátengdir samfélagsgerð. Stuart Plattner (2003) segir mannfræðina vel til þess fallna að greina list og verðmæti hennar með etnógrafískri aðferðafræði. Hann vill einnig meina að mannfræðin sé gagnleg til að greina menningarárekstra (e. *cultural clash*) sem verða þegar hin frumstæða list kemur inn á sjónarsvið Vesturlanda (Plattner, 2003, bls. 18). Gell, aftur á móti, heldur því fram að markmið mannfræði lista sé að rannsaka listvirkni út frá því umhverfi sem listin var sköpuð í. Hann telur hugmyndir þeirra mannfræðinga sem einblína einungis á virkni fegurðar innan ólíkra samfélaga ekki vera nægjanlegar. Gell vill skoða listvirknina sem heild þar sem fegurð er aðeins einn af mörgum eiginleikum listarinnar (Gell, 1998; Layton, 2003).

Það er ekki hægt að fullyrða að ein aðferðafræði sé betri en önnur þegar kemur að mannfræðilegri rannsókn á skynjun listar, en ætla má að mikilvægi listvirkni sé stór þáttur í listsköpun óháð því í hverju sú virkni felst. Virknin gæti byggst á hugmyndum um verðmæti, menningarlegri sögu og hefðum eða jafnvel verkfærum til að halda í burtu „illum öndum“ svo eitthvað sé nefnt. Telja má að list sem hefur aðra og meiri virkni en einungis fagurfræðilegan tilgang sé meira háð takmörkunum þegar kemur að skynjun

listarinnar. Þegar listaverkið er tekið út fyrir sinn virkniramma, eða umhverfið sem listin var sköpuð fyrir, þá gæti verkið ef til vill ekki talist nægjanlega fallegt til að standa undir þeim fagurfræðilegu væntingum sem gerðar eru til listar í hinu nýja umhverfi. Það þýðir hins vegar ekki að þessi listaverk séu á einhvern hátt síðri en önnur heldur eru þau einfaldlega með aðra virkni til viðbótar við hina fagurfræðilegu (Gell, 1998; Layton, 2003). Það er því mikilvægt í umræðunni um skynjun listar að taka tillit til ólíkrar virkni listaverksins sem meta skal.

Vegna þess hve margt þarf að hafa í huga þegar list er til umfjöllunar hafa ýmis vandamál komið upp við samanburðarrannsóknir á list milli menningarsvæða. Margir mannfræðingar, ásamt öðrum fræðimönnum, hafa velt fyrir sér hvort það sé yfirleitt hægt að ræða list og gildi fegurðar í þvermenningarlegu samhengi. Gell er einn þeirra fræðimanna sem hafa komið fram með hugmyndir sem nýst hafa við þvermenningarlegar rannsóknir á list og listformum (Layton, 2003; Rampley, 2005). Kenning Gells (1998) er hvorki byggð á fagurfræði né sjónrænu sambandi. Samkvæmt hugmynd hans er list skilgreind virkni sem vinnur með félagslegt samband milli umboðs (e. *agency*) og móttakanda listarinnar. Gell skilgreinir umboð sem röð atburða sem hefur áhrif á skoðun listunnandans (e. *causal sequence*) og að listaverkið sé framlenging af þeim sem skapa það og notkun þeirra á umboði. Listaverkið sjálft verður þá annars flokks umboð (e. *secondary agent*) sem hefur virkni í gegnum félagslegt samband og umhverfi (Gell, 1998; Layton, 2003, bls. 451). Þessi nálgun Gells á list og umboði hefur meðal annars verið gagnrýnd af Pierce og Layton. Þeir hafa gagnrýnt Gell fyrir að útskýra ekki hvernig listaverkin lengja arma listamannsins í gegnum umboðið (Layton, 2003).

Sökum margra og ólíkra kenninga frá mismunandi fræðimönnum getur verið erfitt að móta sér skoðun á því hvernig best er að meta list. Þótt mat á list mótist að hluta til af persónubundnum skoðunum þá eru þær skoðanir sterklega tengdar samfélagslegri viðurkenningu á því hvað telst vera falleg list. Listin verður að ná persónulegum áhrifum á einstakling innan ákveðins virkniramma. Gortais (2003) er einn þeirra sem hefur skýra sýn á mati listar og hann telur helsta hlutverk listar felast í „sambandssköpun“. Samkvæmt hugmyndum hans á list að skapa tengingu á milli laga meðvitundarinnar sem undir venjulegum kringumstæðum gæti yfirleitt ekki orðið til. Þetta á bæði við um listamanninn sjálfan og neytendur listarinnar. Fegurð og ljótleiki eru dæmi um þætti sem gera einu lagi meðvitundar kleift að tengjast öðru og samkvæmt Gortais (2003) þá

er það einmitt þetta ferli, þessi sambandssköpun eða tenging, sem skapar listræn gæði og gefur þeim gildi. Þannig snýst virkni listar ekki um að endurframsetja raunveruleikann heldur um að skapa samband, eða tengingu, á milli listamannsins og annars heims. Þann heim er aðeins hægt að útskýra í gegnum táknræna framsetningu og þar af leiðandi má líta á listaverk sem samsafn huglægra samskipta milli mismunandi laga meðvitundarinnar (Gortais, 2003). Þegar litið er á listaverk sem ákveðna leið samskipta þá verður listaverkið sjálft eins konar sviðsetning tjáningar (Lechtman, 2010). Gortais (2003) setti auk þess fram efasemdir um að hægt væri að meta list út frá fegurð einni og sér þar sem ekki er til hlutlægt fegurðarviðmið sem metur list eða listamann. Ef slíkt viðmið væri til þá myndi sköpunarfrelsið hverfa. Þar sem fegurðarviðmið er ekki til staðar þá er fegurðin ekki eign listaverksins heldur liggur hún í þeirri tilfinningu sem verður til vegna tengingar listarinnar, framsetningar hennar og upplifunar neytandans. List er því í raun til þess gerð að skynja eitthvað nýtt sem ekki hefur verið skynjað áður. Listaverkið þarf ekki að vera af einhverjum ákveðnum hlut heldur þarf það einungis að vera verknaður, hugmynd eða tilfinning á framsetjanlegu formi (Gortais, 2003, bls. 1241).

Það má því færa fyrir því rök að list getur varla verið til nema fyrir tilstilli félagslegs sambands og þeirrar félagsmótunar sem á sér stað í samfélaginu og þeim menningarhugmyndum sem eru ríkjandi hverju sinni. Þannig er listsköpun mjög ólík milli samfélagsgerða vegna hinna ólíku félagslegu aðstæðna sem ráða því hvað er viðurkennt sem list. Samfélög líkt og Ítland og Vesturlönd búa þannig yfir ákveðnum menningarhugmyndum og félagslegum gildum sem móta fagurfræði og listsköpun innan samfélaga þeirra.

## 5 Niðurstöður

Í ritgerð þessari hefur verið fjallað um samfélagsgerðir, skynjun og listir og hvernig þessir þrír þættir tengjast. Sérstaklega hefur verið fjallað um samfélagsgerð latmul ættbálksins sem býr á Sepik svæðinu í Papúa Nýju-Gíneu og samfélagsgerð Vesturlanda í heild (gert var ráð fyrir einsleitni). Þessar tvær samfélagsgerðir voru valdar sökum mikilla andstæðna sem ríkja innan samfélaganna. Það gerir samfélögin ákjósanleg til að styðja við rannsóknarefnið, þ.e. hvernig tengslum samfélagsgerða, skynjunar og lista er háttað. Samanburður þessara tveggja samfélagsgerða gefur til kynna að skynjun sé menningarbundin og þannig háð þeirri félagsmótun sem hefur átt sér stað í samfélögunum yfir langan tíma. Þetta sést vel á þeim ólíku áherslum sem samfélögin leggja á nýtingu hinna mismunandi skynfæra m.a. við upplifun listar.

Skynjun og list tilheyra fjölda annarra menningarbundinna þátta sem mannfræðin fjallar um. Margir fræðimenn hafa sett fram kenningar um tengsl samfélagsgerðar, skynjunar og listar. Einn þessara fræðimanna er Bourdieu en hann hefur verið virkur í rannsóknum og skrifum um samfélög, umhverfi og félagsmótun með hugmyndum sínum um habitus og menningarbundinn auð. Félagsmótun er tengd habitus sem er ákveðið félagslegt umhverfi sem fólk fæðist inn í eða flytur inn í á einhverjum tímapunkti í lífinu (Bourdieu, 1993). Flestir fæðast inn í ákveðinn hóp fólks og menningu sem yfir tíma mótar þá að hinu samþykktu normi hópsins. Fólk skynjar heiminn því á mismunandi hátt, háð þeirri félagsmótun sem á sér stað innan þeirra samfélags. Gott dæmi um áhrif samfélagsgerðar og félagsmótunar á skynjun er „mótun“ drengja meðal latmul fólksins sem á sér stað í gegnum sársauka og niðurlægingu. Staðsetning fólks í habitus er í gegnum pólitík, kynferði, aldur, félagslega og hagræna stöðu sem og fagurfræði. Mótun hvorrar manneskju er tengd óskrifuðum reglum innan hennar habitus og manneskjan aðlagar sig að þeim félagslegu viðmiðum sem ríkja innan hópsins og skynjar heiminn eins og henni er ætlað að gera (Bourdieu, 1977). Skynjun er því mikilvægt atriði þegar kemur að því að útskýra samfélag. Með því að skilja þær skynjunaraðferðir sem viðurkenndar eru í samfélaginu er hægt að komast dýpra inn í menningu samfélagsins og öðlast betri skilning á því hvernig það staðsetur sig innan heimsins. Menningarauður



Vesturlanda felst meðal annars í því að staðfesta stéttarstöðu sína með „flottu“ og dýru listaverki sem höfðar til fagurfræðilegra reglna samfélagsins. Hjá latmul fólkinu, hins vegar, felst hinn menningarbundni auður í örum á húð karlmanna sem eru hönnuð af félagslegum reglum og gildum latmul en örin eru staðfesting á stöðu þeirra innan samfélagsins.

Þegar kemur að áhrifum samfélagsgerðar á list, sköpun hennar og nautn þá beinist umræðan hér að ofan meira að hinum lærðu menningarkóðum eða líkt og Bourdieu (1993) sagði, að án menningarkóða verður skynjun listarinnar ekki möguleg. Rökin fyrir því eru að listaverk verður gjarnan merkingarlaust ef félagslega lærður hæfileki til ráðningar þess er ekki til staðar (Bourdieu, 1984). Hugmyndir Gells, Boas og fleiri mannfræðinga um mikilvægi umhverfis listaverksins styðja enn frekar við hugmyndir Bourdieu um hin félagslegu áhrif á upplifun listar. Þeir hafa fjallað um hvernig listaverk missir áhrif sín ef það er tekið út úr þeirri samfélagsmynd sem það var skapað fyrir. Gell hvatti því til þess að mannfræðin myndi rannsaka listvirkni í því samhengi sem listin er sköpuð í. Hann sagði erfitt að dæma list og gildi hennar nema með því að þekkja það umhverfi sem listin kemur frá og er ætluð fyrir. Þar af leiðandi er það ekki listformið eitt og sér sem skapar tilfinningu hjá fólki heldur eru það sameiginleg áhrif hugmynda þeirra sem skapa formið og formið sjálf sem ná fram ákveðinni tilfinningu listunnandans (Boas, 1955; Gell, 1998). Félagslegt samband innan samfélaga er því eitt af lykilatriðum í listsköpun og listvirkni, þ.e. hvernig listin er skynjuð. Það verður því ekki fyrr en búíð er að öðlast skilning á samfélagi, menningu og umhverfi listaverksins að hægt er að skilja hvernig skynjunarferlið fyrir viðkomandi listaverk „á“ að vera.

Það er nokkuð ljóst að samfélagsgerð og félagsmótun innan hennar hefur bein áhrif á það hvernig samfélagsþegnarnir skynja umhverfi sitt og það hvernig list er sköpuð og hennar er notið. Það að skynja á „réttan“ hátt er partur af lærðri hegðun sem lærist í gegnum þá félagsmótun sem á sér stað á lífsleiðinni. Hvað listina varðar, þá hefur list ekki merkingu nema fyrir menningarkóða sem lærast í gegnum félagsmótun og þjálfun. Þessir menningarkóðar gera fólki kleift að skilja og skynja verkið. Samkvæmt niðurstöðum ritgerðarinnar er því samspil samfélagsgerðar, skynjunar og listar til staðar og virkar samfélagsgerð mótandi á skynjun og list. Samfélagsgerð virkar ekki aðeins mótandi heldur er hún eitt helsta mótunaraflíð þegar kemur að skynjun og list.

## Heimildaskrá

- Bateson, G. (1958). *Naven*. Bandaríkin: Stanford University Press.
- Bateson, G. (2010). Style, grace, and information in primitive art. Í H. Morphy og M. Perkins (ritstj.), *The anthropology of art: a reader* (bls. 78-91). Malden, Oxford, Carlton: Blackwell.
- Bloch, P. H., Brunel, F. F. og Arnold, T. J. (2003). Individual differences in the centrality of visual product aesthetics: Concept and measurement. *Journal of Consumer Research*, 29(4), bls. 551-565.
- Boas, F. (1955). *Primitive art*. Kanada: General Publishing Company.
- Bourdieu, P. (1977). *Outline of a theory of practice* (útg. 16). Cambridge University Press.
- Bourdieu, P. (1984). *Distinction: A social critique of the judgement of taste*. Bandaríkin: Harvard University Press.
- Bourdieu, P. (1986). The forms of capital. Í J. E. Richardson (ritstj.), *Handbook of theory of research for the sociology of education* (bls. 241-258). Bandaríkin: Greenwood Press.
- Bourdieu, P. (1993). *The feild of cultural production: essays on art and literature*. R. Johnson (ritstj.). Cambridge: Polity Press.
- Classen, C. (1997). Foundations for an anthropology of the senses. *International Social Science Journal*, 49(153), bls. 401-412.
- DiMaggio, P., Mukhtar, T. (2004). Arts participation as cultural capital in the United States, 1982–2002: Signs of decline? *Poetics*, 32(2), bls. 169-194.
- Durkheim, E. (2008). *The elementary forms of the religious life*. Bandaríkin: Dover Publications.
- Fabian, J. (1983). *Time and the other*. Bandaríkin: Columbia University Press.
- Fagg, W. (2010). Introduction to tribes and forms in African art. Í H. Morphy og M. Perkins (ritstj.), *The anthropology of art: a reader* (bls. 74-78). Malden, Oxford, Carlton: Blackwell.
- Foley, W. A. (1986). *The Papuan languages of New Guinea*. Cambridge University Press.
- Forge, J. A. W. (1965). Art and environment in the Sepik. *Proceedings of the royal anthropological institute of Great Britain and Ireland*, bls. 23-31.
- Forge, J. A. W. (1970). Learning to See in New Guinea. Í P. Mayer (ritstj.), *Socialization: The approach from social anthropology* (bls. 269-291). London: Tavistock.

- Geertz, C. (1973). *The interpretation of cultures*. London: Fontana.
- Gell, A. (1998). *Art and agency: an anthropological theory*. Oxford: Clarendon Press.
- Gesch, P. (2008). On conversion from the global to the local: Going beyond one's best understanding in Sepik initiation. *Sydney Studies in Religion*.
- Gewertz, D. B. (1983). *Sepik River societies: A historical ethnography of the Chambri and their neighbors*. New Haven, London: Yale University Press.
- Godelier, M. (2009). *In and out of the west: reconstructing anthropology*. London: Verso.
- Gortais, B. (2003). Abstraction and art. *Philosophical Transactions: Biological Sciences*, 358(1435), bls. 1241-1249.
- Harrison, S. (1987). Cultural efflorescence and political evolution on the sepik river. *American Ethnologist*, 14(3), bls. 491-507.
- Howes, D. (2005a). Skinskapes: Embodiment, culture and environment. Í C. Classen (ritstj.), *The book of touch* (bls. 27-40). Oxford og New York: Berg
- Howes, D. (2005b). Introduction. Í D. Howes (ritstj.), *Empire of the senses: The sensual culture reader* (bls. 1-17). Oxford og New York: Berg
- Ingold, T. (2000). *Perception of the environment: Essays in livelihood, dwelling and skill*. London og New York: Routledge.
- Jenks, C. (1995). The centrality of the eye in western culture: An introduction. Í Jenks (ritstj.), *Visual culture* (bls. 1-26). London og New York: Routledge.
- Kensinger, K. (1995). *How real people ought to live: The Cashinahua of Eastern Peru*. Illinois: Waveland Press.
- Layton, R. (2003). Art and agency: a reassessment. *Royal anthropological institute*, N.S.(9), bls. 447-464.
- Lechtman, H. (2010). Style in technology: Some early thoughts. Í H. Morphy og M. Perkins (ritstj.), *The anthropology of art: a reader* (bls. 270-281). Malden, Oxford og Carlton: Blackwell.
- Lévi-Strauss, C. (2010). Split representation in the art of Asia and America. Í H. Morphy og M. Perkins (ritstj.), *The anthropology of art: a reader* (bls. 56-74). Malden, Oxford og Carlton: Blackwell.
- Lonely Planet (e.d.). Map of Papua New Guinea. Sótt 29. nóvember 2012 af <http://www.lonelyplanet.com/maps/pacific/papua-new-guinea/>

- Lutkehaus, N. C. (1995). Feminist anthropology and female initiation in Melanesia. Í N. C. Lutkehaus og P. B. Roscoe (ritstj.), *Gender rituals: Female initiation in Melanesia* (bls. 3-29). London og New York: Routledge.
- Mace, R., Pagel, M., Bowen, J. R., Otterbein, K. F., Ridley, M., Schweizer, T., & Volland, E. (1994). The comparative method in anthropology [and comments and reply]. *Current Anthropology*, 35(5), bls. 549-564.
- McLuhan, M. (2005). Inside the Five Sense Sensorium. Í D. Howes (ritstj.), *Empire of the senses: The sensual culture reader* (bls. 43-51). Oxford, New York: Berg.
- Merleau-Ponty, M. (1996). Phenomenology of perception (C. Smith þýddi). Indland: Motilal Banarsidass.
- Metcalf, P. (2005). *Anthropology: the basics*. London og New York: Routledge.
- Montagu, A. (1978). *Touching: The human significance of the skin*. New York: Harper & Row
- Morphy, H. og Perkins, M. (2006). The anthropology of art: A reflection on its history and contemporary practice. Í H. Morphy og M. Perkins (ritstj.), *The anthropology of art: a reader* (bls. 1-23). Malden, Oxford, Carlton: Blackwell.
- Ostrow, J. M. (1990). *Social sensitivity: An study of habit and experience*. Bandaríkin: State University of New York Press.
- Paglia, C. (1990). *Sexual Personae: Art and decadence from Nefertiti to Emily Dickinson*. Harmonds worth: Penguin.
- Plattner, S. (2003). Anthropology of art. Í R. Towes (ritstj.), *A handbook of cultural economics* (bls. 15-20). Bretland: Edward Elgar Publishing
- Rampley, M. (2005). Art history and cultural difference: Alfred Gell's anthropology of art. *Art History*, 28(4), bls. 524-551.
- Rey, R. (1995). *The history of pain* (L. E. Wallace, J. A. Cadden og S. W. Cadden þýddu). Cambridge: Harvard University Press.
- Roberts, L. (2005). The death of the sensuous chemist: The 'new' chemistry and the transformation of sensuous technology. Í D. Howes (ritstj.), *Empire of the senses: The sensual culture reader* (bls. 106-128). Oxford og New York: Berg
- Roscoe, P. B. (1996). War and society in Sepik New Guinea. *The journal of the royal anthropological institute*, 2(4), bls. 645-666.
- Roscoe, P. B. og Lutkehaus, N. (1995). *Gender rituals: Female initiation in Melanesia*. London og New York: Routledge.
- Sahlin, M. D. (1963). Poor Man, rich Man, big man, chief: Political Types in Melanesia and Polynesia. *Comparative studies in society and history*, 5(3), bls. 285-303.

- Schildkrout, E. (2004). Inscribing the body. *Annual review of anthropology*, 33, bls. 319-344.
- Silverman, E. K. (1997). Politics, gender, and time in Melanesia and aboriginal Australia. *Ethnology*, 36(2), bls. 101-121.
- Spearritt, G. D. (1982). The pairing of musicians and instruments in latmul society. *Yearbook for Traditional Music*, 14, bls. 106-125.
- Steer, M. (2005). Languages of the upper Sepik and central New-Guinea. Sótt 16. desember 2012 af <http://uscngp.com/papers/33> .
- Strathern, M. (1992). *Reproducing the future: Anthropology, kinship and the new reproductive technologies*. New York: Routledge.
- Townsend, P. K. (1978). The politics of mobility among the Sanio-Hiowe. *Anthropology quarterly*, 51(1), bls. 26-35.
- Tuan, Y. F. (2002). Community, society, and the individual. *Geographical review*, 92(3), bls. 307-318.
- Tuan, Y. F. (2005). The pleasures of touch. Í C. Classen (ritstj.), *The book of touch* (bls. 74-80). Oxford og New York: Berg
- Tyler, S. A. (1984). The vision quest in the West, or what the mind's eye sees. *Journal of Anthropological Research*, 40(1), bls. 23-40.